



Íbúaráð Laugardals

Hólsvegur, biðstöð Strætó felld niður

Það tilkynnist íbúaráði með bréfi þessu að skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hyggst leggja fram tillögu til samþykkis til Umhverfis- og skipulagsráðs um að biðstöð Strætó við Hólsveg verði lögð niður.

Leið 14 hefur verið í vandræðum um allnokkra hríð og var of sein (+4 mín.) í rúmlega 40% ferða á fyrsta ársfjórðungi 2023. Leiðin lendir sérstaklega í erfiðleikum á annatínum seinnipartinn virka daga, en leiðin þræðir íbúahverfi þar sem umferð er mikil seinnipartinn en tæplega 69% brottfara á fyrsta ársfjórðungi 2023 voru þá of seinar. Yfir höfuðborgarsvæðið í heild voru tæplega 38% brottfara seinar á annatíma seinnipartinn virka daga.


Nauðsynlegt er að bregðast við og lagfæra áætlun leiðar 14. Notendur hafa mikið kvartað undan óstundvísi leiðarinnar, bæði gegnum ábendingakerfi Strætó og á samfélagsmiðlum, enda er leið 14 vel nýtt og var sú leið Strætó sem var með flest innstig á hvern kílómetra árið 2022.

Til þess að bæta stundvísi leiðarinnar þá hefur skipulagssvið Strætó lagt til ákveðnar aðgerðir fyrir haustið 2023. Það er þörf á að greiða götu leiðarinnar eins og kostur er og Strætó hefur því óskað eftir að Reykjavíkurborg kanni möguleika á ákveðnum úrbótum sem þau telja að muni hjálpa leiðinni.

Ein aðgerð sem Strætó lagði til og skrifstofa samgöngustjóra hefur skoðað og samþykkt að ráðast í er að leggja af stoppistöðina Hólsveg við Langholtsveg. Við stoppistöðina er einungis skýli vestan megin Langholtsvegar og tilvalið er að fjarlægja þessa stoppistöð til að flýta för leiðar 14.

Samkvæmt talningum Strætó frá því í mars á þessu ári voru 12 innstig í stoppinu við Hólsveg, eða 0,8% innstiga í leiðina þann daginn. Til samanburðar voru innstigin 241 (16%) við Hlemm og 166 (11%) við Laugardalslaug. Einungis eru um 150 m frá Hólsvegarstoppinu að stoppistöðinni við Sunnutorg sem er vel búið stopp og til stendur að gera hana enn betri með endurbótum á stoppinu austan megin Langholtsvegar.

Á mynd 1 má sjá staðsetningu Hólsvegar- og Sunnutorgs stoppana og fjarlægðina á milli þeirra. Á mynd 2 má sjá talningar á leið 14 settar fram á súluriti þar sem fram kemur fjöldi innstiga á hverri stöð (súlur) og uppsafnaður farþegafjöldi á leiðinni (lína).



Mynd 1 Yfirlitsmynd af stoppistöðinni Hólsvegi við Langholtsveg sem sýnir vegalengd að næstu stöð, Sunnutorgi



Mynd 2 Talningar Strætó fyrir leið 14 Grandi-Versló á virkum degi í mars 2023 þar sem sjá má fjölda innstiga á Hólsvegi

Virðingarfyllt,
Grétar Mar Hreggviðsson
Umhverfis- og skipulagssvið